

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur
um kostnað við magabandsaðgerðir.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

Stendur til að Sjúkratryggingar Íslands greiði kostnað við magabandsaðgerðir?

Offita er vaxandi vandamál í fjölda landa og er Ísland þar engin undantekning. Mikilvægt er að mæta þessum vanda á breiðum grunni, þannig að jafnt sé unnið að fyrirbyggjandi lýðheilsuáðgerðum og meðferð þeirra sem stríða við alvarlega offitu. Offitumeðferð hefur staðið fólki til boða á nokkrum heilbrigðisstofnunum og skurðaáðgerðir á Landspítala, þegar þær hafa verið taldar nauðsynlegar. Í framhaldi af áðgerðunum hefur eftirmeðferð síðan staðið til boða.

Ein tegund skurðaáðgerða við alvarlegri offitu er svokölluð magabandsáðgerð og hafa einkaaðilar framkvæmt þær á Íslandi í nokkrum mæli án aðkomu hins opinbera. Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki tekið þátt í kostnaði við þær áðgerðir. Velferðarráðuneytið mun í samráði við Sjúkratryggingar Íslands skoða hvort ástæða sé til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við þessar áðgerðir í skilgreindum, alvarlegum tilvikum og meta þá aðkomu með tilliti til árangurs og kostnaðar.